Flottur jakki

Texti: Kristján Hreinsson

Lag: J. K. Thomas

Ég fékk eitt sinn jakka og ég fór í hann
og flestar stelpur þráðu heitt að hitta þennan mann.
Sem vildi bara hlusta á hið villta bít,
ég vildi bara jakka úr tvít, tvít, tvít.

Flottur jakki... (tvít, tvít, tvít)
Flottur jakki... (tvít, tvirilídí)
Ég átti lakkrísbindi
og skyrtan hún var skjannahvít.

Helst ég vildi alltaf hlusta á þetta bít,
ef heyrist þessi taktur út á gólfið ég þýt.
Í úrhelli eða sól
alltaf vil ég heyra rock 'n ról.

Flottur jakki... (tvít, tvít, tvít)
Flottur jakki... (tvít, tvirilídí)
Ég átti lakkrísbindi
og skyrtan hún var skjannahvít.

Buxurnar hjá okkur voru þröngar þá,
og þá var jafnað skótauið með mjóa tá.
Með briljantín í hárinu ég steig á stokk
og stelpurnar þær vildu bara heyra rokk.

Höfundaskráning: https://trubador.is/lagalisti/lag.cfm?Id=53

Textaheimild: varðveitt söngtextaskjal úr safni Ragga Bjarna. Höfundar halda réttindum sínum.